

Bernsku minningar um Jón Árnason

Erindi sem Guðrún Kristinsdóttir flutti 24. nóvember 2018 á fundi í RM Heklu

(Jón var afabróðir hennar)

Jón fæddist 5. júní 1875 á bænum Miklholtshellir (ekki í hellinum sjálfum) í Hraungerðishreppi í Árnassýslu. Bærinn fór illa í stórum jarðskjálfta og á meðan á viðgerð stóð flutti fjölskyldan í hellinn sjálfan, en þar fæddist systir hans Kristín árið 1877 (amma Júlíusar Sólnes). Litli bærinn stóð svo á túninu fyrir ofan hellinn. Þar fæddust 7 systkini, en 4 dóu á fyrsta ári. Fjölskyldan flutti svo til Reykjavíkur og þar fæddist afi minn Sigurður 1889. Til að byrja með bjuggu þau í litlum bæ við Lindargötu, sem kallaðist Tóftir (þaðan kemur viðurnefnið Siggi á Tóftum um afa). Vigfús, sem var fæddur 1886 var næst yngsti sonurinn og var smiður og saman byggðu þeir feðgar veglegt hús á Lindargötu 3, sem síðan fékk nafnið Lindargata 15. Húsið var hæð og ris á hlöðnum kjallara.

Vigfús flutti síðan til. Noregs og giftist þar og bjó þar alltaf síðan. Húsið var talið, reist árið 1903. Það var síðan selt og flutt í Skerjafjörð Fossgötu 11 árið 1988.

Sigurður og hans fjölskylda bjó á hæðinni með svefnherbergi og bað í risinu, en Jón bjó alla tíð í risinu með eitt „stórt“ herbergi og annað lítið, en þar svaf hann undir súð. Árið 1901 tók fjölskyldan að sér kornabarn sem ekki fékk að fylgja fjölskyldu sinni til vesturheims, Jórinni Björnsdóttur. Jón bjó í húsinu hjá afa Sigurði, en borðaði alltaf hjá uppeldissystur sinni Jórinni, en hún bjó í húsinu á móti við Lindargötuna.

Ég fæddist í svefnherbergi ömmu og afa 1949. Jón byrjaði strax að skrifa horoskóp fyrir litlu stúlkuna, sem fæddist hinum megin við vegginn. Það er ennþá til. Ég bjó hjá ömmu og afa 5 fyrstu árin mín á meðan foreldrar mínir voru við nám í London.

Ég vil meina að það hafi verið forréttindi mín að hafa alist upp fyrstu árin mín í húsinu á Lindargötu 15. Þar bjuggu afi Sigurður og amma Ágústa, Jón afabróðir, Bryndís móðursystir sem var 20 ára þegar ég fæddist (mamma nr. 2) og svo voru Jórunn afasystir og Sigurjón ömmubróðir í næsta húsi.

Trúlega hef ég verið mjög rólegt barn með allt þetta fullorðna fólk í kring um mig, en ég minnst þess að ég var vöruð við því að hlaupa eftir ganginum uppi á lofti því ég mátti ekki trufla Jón sem var að vinna. Ég hefði líka getað dottið niður stigann. Ég man líka eftir öllum bókunum hans í bókahillum sem þöktu veggina. Ég þurfti líka að spyrja ömmu : „af hverju hefur Jón engar tennur?“ en hann var orðinn tannlaus. Og svo var hann með flott yfirskegg sem var gaman að klappa.

Jón var mikill „barnakall“, ég held að hann hafi þekkt alla krakkana í götunni með nafni (og þau voru ekki fá!) og gaf sig gjarnan á tal við þau þegar hann mætti þeim á gangstéttinni. Þau minnst þess ennþá með stolti að þessi virðulegi öldungur hafi spjallað við þau. Ég man að ég fékk gjarnan að halda í höndina á honum og fara með honum í „labbítúr“ út á Arnarhól og til baka, því vildi ég ekki missa af.

Jón ferðaðist mikið, bæði til bróður síns í Noregi í nokkur skipti, en líka um allan heim. Hann var mikill tungumálamaður, mér var sagt að hann talaði öll tungumál, meðal annars hindú og swahili, allt sjálflært.

Hann vann mjög mikið að félagsmálum, hann stofnaði ásamt 11 öðrum prentsmiðjuna Gutenberg og vann þar alla sína tíð.

Jón lést á afmælisdaginn sinn 5. Júní 1961